

REGLUGERÐ

um holræsagerð í Miðneshreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef unnt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf sem holræsakerfi kaupsinsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það. Þóknun fyrir þau störf, og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsagerðarinnar ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlýta fyrir mælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsið, kr. 800.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 400.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 1000.00.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi í holræsagjald til hreppsins kr. 250.00 árlega af hverju húsi og enn fremur 2 af þúsundi af fasteignamati húsanna.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjald, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast skv. 1. og 3. gr., má taka lög taki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1500.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið, sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkv. lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi 21. ágúst og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

107

21. ágúst

fyrir vatnsveitu í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Sandgerði.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhaldi vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götuloögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Skyll er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitunefndar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Af öllum húsum í Sandgerði, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatn er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, er þær eru vátryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.